

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/17*  
*komudagur 17.10.2003*

**Til: Landbúnaðarnefndar Alþingis**  
**Frá: Landbúnaðarráðuneyti**  
**Efni: Svör við fyrirspurn um hagsmuni fiskeldisfyrirtækja**

Stofnfiskur hefur sérhæft sig í ráðgjöf og framleiðslu á hrognum og seiðum sem byggir á mjög fullkomnum kynbótaverkefnum fyrir fiskeldi. Fiskeldi Eyjafjarðar (Fiskey) hefur sérhæft sig í framleiðslu á lúðuseiðum fyrir á frameldi. Uppbygging þessara fyrirtækja hefur verið hröð, sem og þróun fiskeldis sem atvinnugreinar á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins er ráðgert að hluthafar ofangreindra fyrirtækja muni á þessu ári leggja a.m.k. 600 m.kr. í frekari uppbyggingu þeirra. Starfsemin fer að mestu leyti fram á Íslandi og nánast eingöngu utan höfuðborgarsvæðisins. Bæði þessi fyrirtæki eru algjörlega háð erlendum mörkuðum fyrir vörur sínar, en sterk staða þeirra í þeim efnunum hefur einnig skilað sér á heimamarkaði. Í raun má fullyrða að þessi tvö fyrirtæki myndi grundvöll fyrir þá miklu uppbyggingu á fiskeldi sem nú á sér stað á Íslandi. Fyrirtækin leggja m.a. til nánast allan efnivið (eldisdýr) í laxeldi, bleikjueldi, lúðuelldi og þorskeldi á Íslandi. Saman reka Stofnfiskur og Fiskey fyrirtækið Icecod á Íslandi og gegna því lykilhlutverki í uppbyggingu þorskeldis. Sé rekstrarstöðum kippt undan fyrirtækjum á borð við Stofnfisk og Fiskey hverfur rekstrargrundvöllur fyrir fiskeldi á Íslandi.

Fiskey hefur náð mjög sterkri stöðu á mörkuðum fyrir lúðuseiði og er í dag stærsti einstaki framleiðandi þeirra á heimsvísu. Áætlanir félagsins fyrir 2002-2004 gera ráð fyrir að sölutekjur verði á bilinu 400-500 m.kr. Frekari útrás er að verulegu leyti háð aðgengi að mörkuðum í Evrópu, en þar sem Evrópureglur í heilbrigðismálum fiskeldis eru notaðar til viðmiðunar um allan heim má fullyrða að sókn á aðra markaði torveldist mjög ef íslensk stjórnvöld uppfylli ekki nauðsynleg skilyrði með innleiðingu tilskipunar 91/67/EBE.

Stofnfiskur hefur náð mjög sterkri stöðu á heimsvísu í framleiðslu á kynbættum laxahrognum fyrir áframeldi auk sölu á ráðgjafþjónustu í tengslum við kynbótaverkefni félagsins. Í dag er Evrópa mikilvægasti markaður Stofnfisks. Samkvæmt áætlunum fyrirtækisins er gert ráð fyrir að rekstrartekjur fyrir 2003-2007 verði á bilinu 400-700 m.kr. Um 2/3 hluti tekna fyrirtækisins felast í útflutningi.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu nam útflutningur seiða og hrogna 261 m.kr. á árinu 2001 og 245 m.kr. árið 2002. Fyrstu átta mánuði yfirstandandi árs nam þessi útflutningur um 160 m.kr.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá Stofnfiski nemur það tjón sem hlaust af markaðslokuninni í sumar a.m.k. 50 m.kr.. Í samhengi setningar bráðabirgðalaga verður einnig að horfa til þess að viðskiptasamningar og langtímaáætlanir á grundvelli þeirra lentu í uppnámi vegna lokunarinnar, sem til var komin sökum vanefnda íslenskra stjórnvalda á þjóðréttarlegri skuldbindingu. Áætluð velta Stofnfisks og Fiskeldis Eyjafjarðar á næstu þremur árum er um 700-1.000 m.kr. á ári.